

Nd.

96. Frumvarp til laga

um ráðstafanir til nýrra atvinnuframkvæmda og nýsköpunar í atvinnulífi þjóðarinnar.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Ísleifur Högnason, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Stofna skal atvinnumálaráð, er hafi með höndum yfirstjórn atvinnuframkvæmda í landinu, samkvæmt nánari fyrirætlum þessara laga. Ráðið skipa 15 menn og jafnmargir til vara. Alþingi kys 5 menn hlutfallskosningu, Búnaðarfélag Íslands 1, Félag íslenskra iðnrekenda 1, Iðnráðið 1, 2 skulu kosnir af útgerðarmönnum, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur, og 5 skulu kosnir af landsambandi íslenskra verkalýðsfélaga. Meðan ekkert óflokksbundið landssamband íslenskra verkalýðsfélaga er til, skulu hinir 5 síðasttöldu fulltrúar í ráðinu kosnir almennum kosningum í verkalýðsfélögum landsins, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Vanræki einhver aðili að tilnefna í ráðið, skal atvinnumálaráðherra skipa mann eða menn í hans stað. Ráðið skal kosið til 4 ára í senn.

Ráðið ræður sér þriggja manna framkvæmdarstjórn, og skulu meðlimir framkvæmdarstjórnar vera launaðir úr rikissjóði. Ráðið getur ráðið sér sérfræðinga, verkfræðinga, hagfræðinga og aðra aðstoðarmenn eftir þörfum.

2. gr.

Verkefni ráðsins er að hafa með höndum rannsóknir á náttúrugæðum landsins, nýjum atvinnurekstri, framkvæmdum og framleiðslu á öllum sviðum atvinnulífsins og þjóðarbúskapnum í heild og gera tillögur á grundvelli þeirra rannsókna. Það skal gera fullnaðaráætlanir um allar þær framkvæmdir, sem það í samráði við atvinnumálaráðuneytið ákveður, að ráðið skuli í, og skal hafa með höndum yfirstjórn á framkvæmdum, eftir nánari ákvörðunum í samráði við atvinnumálaráðuneytið.

3. gr.

Ráðið getur skipað sérnefndir, sem starfa undir stjórn þess, til þess að hafa með höndum sérstök verkefni, sem ráðið nánar tiltekur, á ákveðnum sviðum atvinnulífsins, eða yfirstjórn einstakra framkvæmda, og ráðið framkvæmdarstjóra í samráði við atvinnumálaráðherra.

4. gr.

Auk þeirra atvinnuframkvæmda, sem ráðið lætur hefja á ábyrgð ríkisins og með samþykki Alþingis, og þeirra rannsókna, er það sjálft lætur framkvæma, er því heimilt að veita stofnunum, félögum eða einstaklingum, bæjar- eða hreppsfélögum lán, styrk eða ábyrgð svo sem hér segir:

1. Til að koma á fót verksmiðjum til að vinna úr sjávarafurðum, hverjar sem þær eru, hvort heldur er til niðursuðu, bræðslu, lýsisherðingar eða annarar vinnslu.
2. Til að koma upp hraðfrystihúsum, þar sem nauðsyn er fyrir þau, eða til að kaupa hraðfrystitæki í frystihús, eftir því sem hentugt þykir að dómi ráðsins.
3. Til að styrkja félög, sem stofnuð verða til að kaupa og gera út í tilraunaskyni nýja togara með nýtizku vinnslutækjum.
4. Til smíða á bátum innanlands, einkum vélbátum 60—150 smálestir að stærð, með diesilvélum.
5. Til rannsókna á auðlindum landsins, málmum og öðrum jarðarauðæfum, byggingarefnum, vatnsorku, hveraorku o. s. frv., og til annara ráðstafana, sem nauðsynlegar eru til að ryðja nýjum framkvæmdum braut.
6. Til tilraunaframkvæmda um framleiðslu byggingarefna, leirvinnslu, móvinnslu, áburðarframleiðslu, framleiðslu fóðurefna og annarar framleiðslu til hagnýtingar á auðæfum landsins.
7. Til hverskonar framkvæmda um garðrækt.
8. Til hverskonar annara tilrauna og framkvæmda, sem hafa þjóðnýta þýðingu og þurfa, að dómi ráðsins, á opinberri aðstoð að halda til að komast yfir byrjunarörðugleika.

5. gr.

Ráðinu er heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar og innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í lögum, að gera samninga um sérrettindi til handa einstökum félögum og stofnunum til að tryggja nýja framleiðslu landsmanna. Ráðið skal hafa á hendi eftirlit með framkvæmd slíkra samninga. Samþykki Alþingis skal þó jafnan koma til, ef um er að ræða veitingu sérrettinda, sem varða alþjóðarheill og varhuga-vert þykir að veita að dómi einhvers meðlima ráðsins.

6. gr.

Heimilt er ráðinu, með samþykki Alþingis, að leggja fram hlutafé gegn hlutafjárframlagi einstakra manna eða félaga, til byggingar fullkominna skipasmíðastöðva, sömuleiðis til stóriðju, svo sem framleiðslu byggingarefna, áburðarfram-

leiðslu, námurekstrar o. s. frv., sem ráðið telur álitlegt, að ráðið verði í, að undan-
genginni fullnaðarrannsókn, og þátttaka ríkisins verður að teljast nauðsynleg til
að hrinda framkvæmdum af stað.

7. gr.

Ráðið hefir heimild til að banna viðgerðir erlendis á íslenskum járnskipum.

8. gr.

Ráðið skal semja nákvæma reglugerð um, hvernig haga skuli öllum styrkveit-
ingum, lánveitingum og ábyrgðum þess. Beinn styrkur má aldrei fara fram úr 25%
af kostnaðarverði framleiðslutækjanna. Eigi má veðsetja fasteignir, sem styrkur
hefir verið veittur til, fyrir hærri fjárupphæð en kostnaðarverði, að frádregnu fram-
lagi atvinnumálaráðs. Verði fasteignin seld, skal ráðinu endurgreiddur sá hluti sölu-
verðs, sem svarar framlaginu, en þó því aðeins, að veðhöfum sé áður fullnægt um
greiðslu veðskulda samkvæmt framansögðu.

9. gr.

Þegar hagar fyrirtækis, sem notið hefir styrks frá atvinnumálaráði, er að dómi
ráðsins orðinn svo góður, að það er fært um að endurgreiða styrkinn, án þess að
rekstri þess sé teft í tvisýnu, skal styrkurinn endurgreiddur, eftir nánari reglum
og skilyrðum, sem atvinnumálaráð setur. Allur endurgreiddur styrkur skal lagður
í sérstakan sjóð, sem atvinnumálaráð hefir umráð yfir og ráðstafar til eflingar at-
vinnulífsins.

10. gr.

Í fjárlögum hvers árs skal vera sérstakur kafli, þar sem ákveðin eru og sund-
urliðuð fjárframlög og lánsheimildir til ráðsins og þeirra framkvæmda, sem það
hefir með höndum.

11. gr.

Atvinnumálaráð skal í stað fiskimálanefndar annast veitingu lána og styrkja
úr fiskimálasjóði samkvæmt 14. gr. laga nr. 75 31. des. 1937, um fiskimálanefnd, út-
flutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., að svo miklu leyti sem það verkefni
verður ekki falið öðrum aðiljum með öðrum lögum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefir tvennskona tilgang: Að hefja stórfellda nýsköpun í at-
vinnuvegum landsmanna, með það fyrir augum að útrýma atvinnuleysinu og að
binda enda á það fál, sem undanfarið hefir verið í þróun atvinnulífsins, og ryðja
þannig úr vegi einni meginorsök þeirra vandræða, sem við eigum nú við að búa.

Ísland er lítt numið land, land mikilla óhagnýtttra náttúruauðæfa. Hinsvegar
skortir okkur bæði fjármagn og fullnægjandi tækniþekkingu og þjóðhagslega þekk-
ingu og reynslu. Til þess að við fáum nokkru áorkað, þarf átak til að sameina þá
krafta, sem við höfum yfir að ráða, til að hagnýta alla okkar sérþekkingu og allt
okkar fjármagn til nýsköpunar og nýskipunar atvinnulífsins, eftir þeim leiðum, sem
við vitum henta bezt þeim sérstöku aðstæðum, sem við búum við. Þegar alls þessa
er gætt, er augljóst, að ekki verður komizt hjá meiri afskiptum hins opinbera en í
þróuðum auðvaldslöndum. Hinsvegar er hin mesta nauðsyn á, að þessi afskipti geti
orðið sem mest óháð hinu pólitiska skrifstofuvaldi þeirra flokka, sem fara með
ríkisstjórnina í hvert skipti. Hugmyndin með því fyrirkomulagi, sem hér er gert
ráð fyrir, er, að tengslin verði sem mest við atvinnuvegina sjálfa og það fólk, sem
að þeim starfar.

Sú stefna, sem hér er mörkuð, felst í því, að öll áherzla verði lögð á uppbyggingu þeirra atvinnuvega, sem reistir eru á náttúrugæðum landsins, og að gera íslenskt atvinnulíf sem sjálfstæðast. Er þá fyrst að telja sjávarútveginn og allan þann fjölbreytta iðnað, sem koma má upp á grundvelli hans. Hér er um undirstöðuatriði að ræða fyrir atvinnulífi landsins. Svo lengi sem ekki er unninn fjöldi vörutegunda úr sjávarfangi landsins, hæfur til samkeppni á ýmsum mörkuðum, á þjóðin jafnan yfir höfði sér örðugleika svo stórfellda, að þeir stofna þjóðarbúskapnum öllum í voða. Einkum er þetta mál brýnt nú, þar sem ný viðskiptakreppa er fram undan, og ýmsir helztu markaðir okkar fyrir sjávarafurðir svo ótryggir sem mest má vera. Aðrar framkvæmdir, sem áherzla er lögð á, er atvinnurekstur á grundvelli annara undirstöðugæða landsins, svo sem hagnýting vatnsorku og hverahita, og svo hagnýting þeirra jarðarauðæfa, sem rannsókn myndi leiða í ljós, að hér eru til staðar (málmar, leir og önnur byggingarefni o. s. frv.). Vegna ófriðarhættunnar er mjög brýnt að hraða þeim framkvæmdum, sem gera þjóðinni auðveldara að búa að sínu, og kemur þar í fyrstu röð framleiðsla byggingarefna, hagnýting hverahita og vatnsorku, framleiðsla íslensks eldiviðar, ef hagkvæmt reyndist (úr mó), og fjölbreytt matjurtaframleiðsla.

Fyrst af öllu spyrja menn um möguleika til öflunar fjármagns til slíkra framkvæmda. Þá er fyrst að geta þess, að skilyrðin fyrir því, að hægt sé að leggja út í slíkar aðgerðir, eru róttækar og gagngerðar breytingar í atvinnu- og fjármálalífi landsins, og ber því að skoða þetta frumvarp í sambandi við aðrar þær tillögur, er þingmenn sósíalista leggja fram um nýskipun sjávarútvegsmála og bankamála, uppgjör óheilbrigðra fyrirtækja, um aðstoð sjávarútveginum til handa og aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma fjármálum og gjaldeyrismálum okkar í lag. Til þess að hægt sé að taka þessa stefnu, þurfa með öðrum orðum að gerast gagnger straumhvörf í atvinnumálum, fjármálum og stjórnámum.

Með slíkri stefnubreytingu má fullyrða, að auðvelt muni að fá erlent fjármagn, til þess að breyta lánnum landsins erlendis í hagstæðari lán, tryggja gengið og ryðja nýjum framkvæmdum braut. Opnast þá jafnframt leiðir til að veita því innlenda fjármagni, sem til er, í hagkvæmari farveg, eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Til þess að hagnýta alla möguleika er gert ráð fyrir, að allar tegundir atvinnurekstrar, opinber rekstur, einkarekstur og félagslegur rekstur (þar á meðal vitaskuld samvinnurekstur) geti komið til greina í þeirri nýsköpun atvinnuveganna, sem frumvarpi þessu er ætlað að greiða fyrir, ef það yrði að lögum.